

Verkefnabanki

NR. 0001-09022009

Dagsetning : 09-02-2009

Heiti Verkefnis: Landnámsbærinn

Flokkur: Ferdatjónusta, Menning,

Annað við flokk:



Lýsing: Herjólfsbærinn í Herjólfsdal notaður sem leiksvið til að kynna landnám Vestmannaeyja fyrir ferðamönnum. Áhugamannaleikhópur eða krakkar í sumarvinnu bæjarins setja sig í hlutverk landnámsfólk. Húsdýr, s.s. kindur, hestar, geitur, hænur eru höfð í girðingum við bæinn. Hægt er að sýna gamalt handverk s.s. súta skinn, flétta reipi, ullarvinna ofl. Saga Herjólfis landnámsmanns er sögð og gerð eftirfinnanleg. Þá má einnig flétta inn í fornleifauppgröft ofl.

Staða verkefnisins: á hugmyndastigi

Framkvæmd: Bærinn til staðar. Kennsla í fornu handverki. Uppsetning girðinga fyrir húsdýr, sem er þannig gerð að hægt er að fjarlægja með lítilli fyrirhöfn. Hægt væri að vera með sýningu á ákveðnum tíma dags, um helgar eða pantað eftir þörfum.

Tími: þarf smá undirbúning og samhæfingu leikara

Samstarfsaðilar: Byggðasafnið, leikfélag, framhalds- og grunnskólanemar, bændur, ferðaþjónustuaðilar

Mannafli: í mesta lagi 10 manns. Engin sérstök sérfræðikunnátta því þátttakendur fá leiðsögn og sérstakt hlutverk eða handverk sem þeir læra. Fyrst og fremst verða þeir sem taka þátt að hafa gaman af þessu.

Kostnaður: Búningar, girðing, leikmunir, leiga á húsdýrum. kostnaður ca. 100-200 þús.

Höfundur: Lovísa Ásbjörnsdóttir

Verkefnishópur: byggðasafn, ferðaþjónusta, leikfélag, áhugamenn um landnámstíma og sögu Herjólfsdals

Verkefnisstjóri: Mögulegur verkefnisstjóri fyrir verkefnið

Fjárhagslegur ávinningur: Nýting á Herjólfsbænum. Möguleikar á að selja íslenskt handverk, ullarsokka, vettlinga, jurtlitað band, skinn, glerperlur, rúnir og annað sem hægt er að tengja við landnámsmenn.

Næstu skref: Fá leyfi bæjaryfirvalda, auglýsa sumarstarf meðal skólafólks, ræða við byggðasafn og leikfélag, sauma búninga, athuga með vikinga-minjagripi, ræða við bændur um lán/leigu á húsdýrum

Sendandi: Lovísa Ásbjörnsdóttir

Heimilisfang: Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Netfang: lovisaa@ust.is